

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breyting á deiliskipulagi. Mávagarður á Ísafirði.

Breytingarnar fela í sér stækkun á lóð A, uppskiptingu á lóð E og stofnun lóðar undir spennistöð Orkubús Vestfjarða. Auk þess hliðrast deiliskipulagsmörk lítilsháttar til samræmis við annað deiliskipulag.

Nýtt deiliskipulag. Tjarnarreitur á Þingeyri.

Breytingin felur í sér að skilgreina lóðarmörk og stærðir lóða, byggingarreiti, gera breytingar á götum og göngustígum ásamt því að setja fram nýjar kvaðir.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 11. október 2021.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Helga Þuríður Magnúsdóttir,
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.